

## Íbúaráð Laugardals

Ár 2022, mánudaginn. 14. nóvember, var haldinn 29. fundur íbúaráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í húsnæði Laugardalslaugar og hófst kl. 16:33. Eftirtaldir íbúaráðsfulltrúar voru viðstaddir: Rannveig Ernudóttir, Andrea Guðmundsdóttir, Sabine Leskopf, Grétar Már Axelsson og Sigurlín Ósk Hrafnisdóttir. Fundinn sátu einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð, Kristinn Jakob Reimarsson og Helga Margrét Guðmundsdóttir frá Norðurmiðstöð.

### Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á smáhýsum í Laugardal. MSS22100035  
Frestað.
2. Lagt fram erindi íbúa í hverfinu dags. 12. október 2022 með spurningum um smáhýsi í Laugardal. MSS22100035  
  
Vísað til umsagnar velferðarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.  
  
- Kl. 16.35 tekur Lilja Sigrún Jónsdóttir sæti á fundinum.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. október 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Stefnisvogur 1 og 2 (reitir 1-2 og 1-6). MSS22090124
4. Fram fer umræða um Römpum upp Ísland og ábendingar í Laugardal. MSS22020088  
Samþykkt að senda ábendingar íbúaráðs Laugardals til forsvarsmanna Römpum upp Ísland og aðgengis- og samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks.
5. Lagt fram bréf starfshóps um umgreiningu á tækifærum til haftengdrar upplifunar og útivistar fyrir almennig í Reykjavík dags. 12. október 2022 með beiðni til íbúaráða um hugmyndir og framtíðarsýn vegna haftengdrar upplifunar og útivistar almennings á strandlengjunni. USK22090017  
Samþykkt að fela formanni að skila umsögn ráðsins hið fyrsta.
6. Lagt fram bréf íbúa í hverfinu dags. 28. október 2022 um lokun á Rauðalæk. MSS22100009
7. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
8. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Hverfissjóð. Þessi liður fundarins var lokaður. MSS22040019

Samþykkt að veita Lauren Charnow styrk að upphæð kr. 390.000 vegna verkefnisins Big Dot Little Dot Circus Day- Laugardalur.

Samþykkt að veita Kristínu Klöru Grétarsdóttur styrk að upphæð kr. 300.000 vegna verkefnisins Myndlistanámskeið í Laugardal.

Öðrum umsóknum hafnað.

9. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í Borgin okkar 2022 – hverfin. Þessi liður fundarins var lokaður. MSS22040042

Samþykkt að veita Foreldrafélag Skólahljómsveitar Austurbæjar styrk að upphæð kr. 300.000 vegna verkefnisins Tónfundir út í nærsamfélagið.

Samþykkt að veita Mervi Orvokki Luoma styrk að upphæð kr. 130.000 vegna verkefnisins Biodiversity in the City - Laugardalur.

Samþykkt að veita Brynhildi Bolladóttur styrk að upphæð kr. 260.000 vegna verkefnisins Aðventa á Aparóló.

Samþykkt að veita Foreldrafélagi Langholtsskóla styrk að upphæð kr. 100.000 vegna verkefnisins Skrúðganga á afmælishátíð Langholtsskóla.

10. Íbúaráð Laugardals leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að áhrifin af lokuninni á Rauðalæk fyrir aðrar götur í kringum Rauðalækinn verði skoðaðar. Einnig óskar íbúaráð Laugardals eftir að fá slysgreiningu og greiningu á umferðarflæði tengd lokuninni. Sömuleiðis er upplýsinga óskað um mismunandi sviðsmyndir sem gæti skilað sömu útkomu með tilliti til umferðaröryggis. MSS22110130

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

**Fundi slitið kl. 18:00**

Rannveig Ernudóttir

Sabine Leskopf  
Andrea Sigurðardóttir  
Sigurlín Ósk Hrafnadóttir

Lilja Sigrún Jónsdóttir  
Grétar Már Axelsson